

REGLUGERÐ

um Útflutningsláναςjóð, RTÁ.

1. gr.

Heiti sjóðsins er Útflutningsláναςjóður, RTÁ (ríkisaðild með takmarkaðri ábyrgð). Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

Stofnendur sjóðsins eru Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands og Iðnláναςjóður. Aðrir viðskiptabankar geta orðið aðilar að sjóðnum og fer þá um framlagsfé þeirra, ábyrgð og aðild að stjórn sjóðsins eftir því sem um semst milli þeirra og sjóðsstjórnar í samræmi við lög sjóðsins og reglugerð þessa.

2. gr.

Hlutverk Útflutningsláναςjóðs er:

- a) að veita lán vegna útflutnings meiri háttar véla og tækja, þar á meðal skipa og annarrar fjárfestingarvöru, sem framleidd er innanlands, og skulu slík lán tryggð hjá tryggingar­e­i­d útflutningslána í Iðnláναςjóði eða með annarri fullgildri ábyrgð.
- b) að veita samkeppnislán, það er að segja lán til innlendra aðila, er kaupa vélar og tæki, þar með talin skip, sem framleidd eru innanlands, gegn bankaábyrgð eða annarri fullgildri ábyrgð.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita útflutningslán eða samkeppnislán fleiri iðngreinum en þeim, sem a- og b-liður ná til, ef hún metur það nauðsynlegt til að tryggja þeim sambærilega aðstöðu við erlenda samkeppnisaðila.

3. gr.

Auk stofnfjár og framlagsfjár er sjóðsstjórninni heimilt að afla fjár til starfsemi sjóðsins með lántökum hjá innlendum bönkum og sjóðum. Einnig er heimilt að taka lán erlendis í samræmi við þær reglur, sem um slíkar lántökur gilda á hverjum tíma. Sjóðsstjórnin skal afla sér heimildar til lántöku hjá stofnaðilum.

4. gr.

Stofnendur sjóðsins og þeir, er síðar verða aðilar hans, ábyrgjast fjárskuldbindingar hans með framlagi sínu. Þó bera stofnendur sjóðsins ótakmarkaða ábyrgð á þeim skuldbindingum sjóðsins, sem stofnað var til fyrir 1. janúar 1986, uns þeim er lokið.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara, og skipa Seðlabankinn, Landsbankinn og Iðnláναςjóður einn fulltrúa hver. Önnur skipan stjórnar sjóðsins er þó heimil, samkvæmt ákvörðun sjóðsaðila, sbr. 3. málsg. 1. gr. Skipa skal varamenn á sama hátt. Stjórn sjóðsins skal skipuð til eins árs í senn. Aðilar að sjóðnum ákveði laun stjórnarmanna.

6. gr.

Stjórn sjóðsins kys sér formann og skiptir með sér verkum. Formaður sjóðsstjórnar kallar saman fundi og stýrir þeim. Engar bindandi ákvarðanir má taka, nema allir stjórnarmenn eða varamenn þeirra séu á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

7. gr.

Verkefni stjórnarinnar eru einkum þessi:

- a) Hún tekur ákvarðanir um lánveitingar og setur lágmarksskilyrði fyrir þeim.
- b) Hún tekur ákvarðanir um vexti og önnur útlánakjör sjóðsins í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma.
- c) Í upphafi hvers árs gerir stjórnin lánaáætlun fyrir komandi ár, auk þess sem hún áætlar, hve mikils lánsfjár þurfi að afla til starfsemi sjóðsins.
- d) Í lok hvers bókhaldsárs, sem skal vera hið sama og almanaksárið, semur stjórnin skýrslu um starfið á árinu og leggur hana fyrir aðila sjóðsins.

8. gr.

Til að skuldbinda sjóðinn þarf undirskrift formanns stjórnar og annars meðstjórnanda.

9. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fela Landsbanka Íslands eða annarri lánastofnun umsjá sjóðsins, og skal sá aðili sjá um afgreiðslu lána og innheimtu.

10. gr.

Ársfundur, þar sem sitja fulltrúar stofnenda og annarra aðila, úrskurðar reikninga sjóðsins og tekur ákvarðanir um ráðstöfun tekjuafgangs og afskriftir krafna að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins.

11. gr.

Útflutningslána sjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, til ríkissjóðs og sveitarsjóða eða annarra stofnana. Nær undanþága og til stimpilgjalda af eigin skuldbindingum.

12. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Útflutningslána sjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal Útflutningslána sjóði gert viðvart svo tímanlega að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

13. gr.

Án samþykkis meirihluta stjórnar er einhliða úrsögn stofnaðila eða seinni framlagsaðila úr sjóðnum óheimil.

Verði sjóðurinn lagður niður, skuli eignir sjóðsins, að fullnægðum skuldbindingum, ganga til stofnaðila og framlagsaðila í hlutfalli við greitt stofnfé og framlagsfé.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli laga nr. 47/1970 um Útflutningslána sjóð og laga nr. 28/1987 um breytingu á þeim lögum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 11/1971.

Viðskiptaráðuneytið, 14. júlí 1987.

Jón Sigurðsson.

Tryggvi Axelsson.